

AUGLÝSING

um deiliskipulag Mávagarðs á Ísafirði, Ísafjarðarbæ.

Á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 5. júní 2008 var samþykkt breyting á deiliskipulagi Mávagarðs á Ísafirði.

Deiliskipulagið tekur til svæðisins á Mávagarði á Ísafirði. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir sex nýjum lóðum á svæðinu auk lóðar undir núverandi asfaltgeymi.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag fyrir sama svæði frá 20. október 1995.

Ísafirði, 16. júlí 2008.

Jóhann B. Helgason,
sviðstjóri umhverfissviðs.